

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. janúar 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-162/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. desember 2010 bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ryksugu sem hann fékk í skiptum fyrir aðra ryksugu sem hann keypti hjá Y ehf. 13. nóvember 2008. Álitsbeiðandi krefst þess að fá haus sem passi á ryksuguna auk annarra fylgihluta sem fylgja hafi átt með nýju ryksugunni. Skilja verður álitsbeiðni svo að þessir hlutir hafi verið teknir úr pakkningunni um nýju ryksuguna áður en hún var afhent álitsbeiðanda.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 15. desember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau 28. desember. Með bréfi, dags. 4. janúar, gaf kæruneftndin álitsbeiðanda kost á því að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær 7. janúar. Með bréfi, dags. 14. janúar sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur aðila

Álitsbeiðandi keypti Miele 710 ryksugu hjá Y ehf. 13. nóvember 2008 fyrir kr. 33.608. Í júlí 2010 fór álitsbeiðandi með ryksuguna í viðgerð hjá fyrirtækinu Z og samkvæmt reikningi þess fyrirtækis, dags. 9. júlí, er bilanagreining sú að allar síur séu fullar af ryki og stúflaðar og falli bilunin ekki undir ábyrgð. Í gögnum málsins kemur fram að ágreiningur var um það hvort þokar í ryksuguna sem keyptir voru hjá Y ehf. og filterar væru ekki nægilega góðir, en svo fór að lokum að Y ehf. afhenti álitsbeiðanda nýja ryksugu. Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins var ryksugan ein afhent úr nýrri pakkningu en ekki rör, slanga og haus á ryksuguna en þeir hlutir munu hafa verið teknir úr pakkningunni áður en nýja ryksugan var afhent. Þessa hluti vill álitsbeiðandi fá afhenta og segir að sams konar hlutir sem fylgdu fyrri ryksugunni passi ekki á þá nýju.

Í andsvörum Y hf. segir m.a. eftirfarandi:

„Varðandi þetta að þá hefur vélinni verið skipt út þvert á álit viðgerðarmanna eins og kemur fram í máli A verslunarstjóra Y sem hefur verið í sambandi við X. Allir þeir aukahlutir sem X á með fyrri vélinni sem hann fékk útskipt eiga að nýtast honum að fullu nema hann getur ekki sett skaftið af ryksugunni á hana þannig að þegar vélin er ekki í notkun þá stendur skaftið. Um málamiðlun er að ræða og því er þessu máli lokið af okkar hálfu.“

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda segir eftirfarandi:

„Varðandi bréf sem kærunefnd sendir mér 4.01.11 og um rétt minn til að andmæla vil ég benda á að kvörtun mín snýst ekki um ryksugupoka heldur um það að ég fékk ekki afhenta ryksuguna með öllum fylgihlutum hennar heldur einungis ryksuguna sjálfa. Þetta kemur skýrt fram í kvörtun minni til kærunefndar. Y hefur gengist við ábyrgð á ryksugunni og engin máламиðlun liggur fyrir um annað milli mín og Y. Mín krafa er sem fyrir að fá þá fylgihluti sem eftir voru í pakkningunni með ryksugunni sem ég mun eiga fullan rétt á samkvæmt skýringu Neytendasamtakanna.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y ehf. falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Af gögnum málsins verður ráðið að seljandi hafi a.m.k í verki fallist á að veita álitsbeiðanda úrbætur vegna galla sem hann taldi vera á ryksugunni án sérstakra samninga við hann þar um. Hins vegar er svo að skilja sem seljandi telji sig ekki hafa borið skylda til þess að lögum. Þótt svo kunni að vera er það álit kærunefndarinnar engu að síður að fyrst seljandi féllst á að afhenda álitsbeiðanda nýja ryksugu verði um úrbæturnar að fara eftir ákvæðum neytendakaupalaga, sbr. 30. gr. laganna. Þá grein verður að skýra svo að úrbætur seljanda séu ekki fullnaðar nema kaupandi fái að öllu leyti nýjan hlut í stað hins upphaflega söluhlutar, nema um annað sé samið, en svo var ekki í því tilviki sem hér um ræðir eftir því sem best verður séð af gögnum málsins. Það verður og að hafa í huga að álitsbeiðandi getur ekki notað nýju ryksuguna með sama hætti og hina fyrri ryksugu þar sem skaftið af gömlu ryksugunni, sem seljandi sýnist ætla álitsbeiðanda að nota, er ekki hægt að festa við nýju ryksuguna eins og þá fyrri. Það er því álit kærunefndarinnar samkvæmt framansögðu að seljanda beri að ljúka úrbótunum að fullu og afhenda álitsbeiðanda þá aukahluti sem nýju ryksugunni áttu að fylgja í þeim pakkningum sem ryksugan var í.

V

Álitsorð

Seljanda, Y er skylt að afhenda álitsbeiðanda, X, þá aukahluti sem nýju ryksugunni áttu að fylgja í þeim pakkningum sem ryksugan var í.

Friðgeir Björnsson
formaður

Ólafur R. Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir